



*cutting through complexity™*

# Rangárþing ytra

Endurskoðunarskýrsla

Apríl 2016





KPMG ehf.  
Endurskoðunarsvið  
Austurvegi 4  
800 Selfoss

Sími: 545 6000  
Fax: 545 6001

Selfossi, 27. apríl 2016

**Sveitarstjórn Rangárþings ytra**  
**Þorgils Torfi Jónsson, oddviti**  
**Suðurlandsvegi 1**  
**850 Hella**  
**kt. 520602-3050**

Endurskoðun ársreiknings Rangárþings ytra fyrir árið 2015 er lokið að öðru leyti en því að við munum ganga frá áritun okkar á ársreikninginn samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst er í bréfi okkar dagsettu 1. október 2014. Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á. Við komum jafnframt ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til sveitarstjóra varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnarsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

**KPMG ehf.**

Auðunn Guðjónsson

endurskoðandi

Afrit:

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri

Nánari upplýsingar um skýrslu þessa veita:

Auðunn Guðjónsson  
Partner  
agudjonsson@kpmg.is

Friðrik Einarsson  
Senior Manager  
feinarsson@kpmg.is

## Rangárþing ytra

Inngangur

### 1. Megin niðurstöður

1.1 Helstu niðurstöður

### 2. Um endurskoðun ársins 2015

2.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar

2.2 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

2.3 Stjórnarsýsluskoðun

### 3. Fjárhagsáætlun og rauntölur

3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun

3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun

### 4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.1 Rekstrarreikningur ársins 2015

4.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2015

4.3 Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

Bls.

1

3

4

5

6

7

8

9

10

12

## 5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

5.1 Almennt

5.2 Fastafjármunir

5.3 Skammtímakröfur

5.4 Skuldir og skuldbindingar

## 6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun

6.1 Heildareignir

6.2 Eiginfjárlutfall

6.3 Skuldir og skuldbindingar

6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið

6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili

6.6 Framlegðarlutfall

## 7. Önnur atriði

7.1 Rekstur A hluta á árinu 2015

7.2 Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2015

7.3 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2016-2019

Bls.

13

14

15

16

17

18

19

20

22

23

24

25

27

Atriði	Helstu niðurstöður	Frekari umfjöllun
<b>A og B hluti Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélagsins</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var niðurstaða ársins 2015 jákvæð um 100,4 millj. kr. en var jákvæð um 109,1 millj. kr. á árinu 2014. Niðurstaða A hluta var jákvæð um 102,7 millj. kr. á árinu 2015 en var jákvæð um 110,0 millj. kr. árið 2014. Niðurstaðan er mun betri en áætlun gerði ráð fyrir.</li> <li>Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 170,8 millj. kr. en veltufé frá rekstri A hluta nam 199,2 millj. kr.</li> <li>Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 1.684,4 millj. kr., en A hluta 1.158,9 millj. kr. Eigið fé A og B hluta nam 1.170,7 millj. kr. í árslok 2015 en eigið fé A hluta var 1.155,6 millj. kr.</li> </ul>	Bls. 7, 9 - 12
<b>A hluti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eins og fram kemur í skýringu 8 í ársreikningi var afkoma Aðalsjóðs jákvæð um 41,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaða var jákvæð hjá Eignasjóði um 61,7 millj. kr. og neikvæð hjá Þjónustustöð um 0,5 millj. kr.</li> </ul>	Bls. 24
<b>B hluti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Rekstrarniðurstaða Vatnsveitu var jákvæð á árinu um 10,1 millj. kr. og hjá Fráveitu um 1,5 millj. kr.</li> <li>Rekstrarniðurstaða Leiguíbúða var neikvæð á árinu um 2,6 millj. kr. og hjá Félagslegum íbúðum um 1,9 millj. kr.</li> <li>Rekstrarniðurstaða Húsakynna var jákvæð á árinu um 2,4 millj. kr. og neikvæð hjá Suðurlandsvegi 1-3 ehf. um 22,3 millj. kr.</li> <li>Við viljum benda á að þjónustutekjum B hluta stofnana sveitarfélagsins er ætlað að mæta útgjöldum viðkomandi stofnana til lengri tíma litið.</li> </ul>	Bls. 25 - 26
<b>Fjárhagsleg viðmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skuldahlutfall A og B hluta (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) nemur 117,7% í árslok 2015, en þetta hlutfall var 127,6% í árslok 2014. Skuldaviðmið A og B hluta nam 116,6% í árslok 2015. Sveitarfélög skulu samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum.</li> <li>Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Rekstrarjöfnuður Rangárþings ytra hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður á komandi árum, gangi fyrirliggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir.</li> </ul>	Bls. 20 - 22
<b>Innra eftirlit og fjárhagskerfi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins er varða innra eftirlit og fjárhagskerfi eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Við viljum upplýsa sveitarstjórn um að við skoðun á árinu 2015 kom í ljós að brugðist hefur verið við með viðeigandi hætti við hluta ábendingum okkar frá fyrri ári, en aðrar eru í vinnslu.</li> </ul>	Bls. 5
<b>Stjórnsýsla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Við viljum upplýsa sveitarstjórn um að við skoðun okkar á árinu 2015 kom í ljós að brugðist hefur verið við með viðeigandi hætti við hluta ábendingum okkar frá fyrri ári, en aðrar eru í vinnslu.</li> </ul>	Bls. 6

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

#### 2.1.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar

- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun ársreikningsins felur meðal annars í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við fjárhagsáætlun og ársreikning fyrri árs. Við yfirferð efnahagsreikningsins hefur tilvist eigna og eignarhald verið kannað.
- Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits.
- Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Stjórnendur sveitarfélagsins munu við áritun okkar undirrita sérstakt staðfestingabréf þess efnis að þeir staðfesta ábyrgð sína á því að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

#### 2.1.2 Niðurstöður

- Fyrirliggjandi ársreikningur Rangárþings ytra fyrir árið 2015 er lagður fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu þann 27. apríl 2016. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.



Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

#### 2.2.1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2015 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun. Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins.
- Endurskoðun okkar felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

#### 2.2.2 Niðurstöður

- Við viljum taka fram að samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Við viljum benda á að aðgreining starfa hjá sveitarfélaginu í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Við hvetjum stjórnendur til yfirfara ferla með það fyrir augum að auka aðgreiningu starfa.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa þegar brugðist með viðeigandi hætti við hluta ábendinga okkar frá fyrra ári, en aðrar eru í vinnslu. Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.

Endurskoðendur komi á framfæri tillögum að úrbótum er varða stjórnsýslu

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

#### 2.3.1 Stjórnsýsluskoðun

- Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“
- Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

#### 2.3.2 Niðurstöður

- Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa þegar brugðist með viðeigandi hætti við hluta ábendinga okkar frá fyrra ári, en aðrar eru í vinnslu. Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 16. desember 2014

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við áætlunina á árinu

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

#### 3.1.1 Fjárhagsáætlun og rekstur

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er jákvæð um 61,0 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 69,0 millj. kr. Eftirfarandi töflur eru í þúsundum króna og sýna samanburð rauntalna við upphaflega áætlun og áætlun með viðaukum og hlutfallslegan mismun milli rauntalna og áætlunar.
- Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlanagerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

##### Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur .....	1.431.066	1.357.569	5,4%	1.345.350	6,4%
Rekstrargjöld .....	(1.254.298)	(1.212.568)	( 3,4%)	(1.175.718)	( 6,7%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(76.319)	(87.474)		(108.595)	
Rekstrarniðurstaða .....	<u>100.448</u>	<u>57.527</u>		<u>61.037</u>	

##### Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur .....	1.312.898	1.249.594	5,1%	1.237.375	6,1%
Rekstrargjöld .....	(1.175.340)	(1.145.763)	( 2,6%)	(1.111.612)	( 5,7%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(34.895)	(35.625)		(56.746)	
Rekstrarniðurstaða .....	<u>102.663</u>	<u>68.206</u>		<u>69.017</u>	



Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 16. desember 2014

Sveitarstjórn samþykkti viðauka við áætlunina á árinu

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

### 3.2.1 Fjárhagsáætlun og fjárfesting

- Fjárfestingaráætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 149,5 millj. kr. fjárfestingu á árinu 2015. Fjárfesting ársins í nam samtals 150,5 millj. kr.
- Fjárfesting í A hluta nam 126,0 millj. kr. En gert hafði verið ráð fyrir 120,4 í fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárfest var í fasteignum fyrir 75,2 millj. kr. Fjárfest var í gatnakerfi fyrir 46,0 millj. kr. Áætlun gerði ráð fyrir að fjárfest yrði í gatnakerfi fyrir 43,2 millj. kr. Fjárfest var í búnaði og tækjum að fjárhæð 4,8 millj. kr.
- Framkvæmdir við vatnsveitu á vegum sveitarfélagsins námu 21,4 millj. kr. en gert hafði verið ráð fyrir 20,0 millj. kr. í fjárhagsáætlun.
- Fjárfesting hjá Suðurlandsvegi 1-3 ehf. nam 3,1 millj. kr. en gert hafði verið ráð fyrir 9,1 millj. í fjárhagsáætlun með viðaukum.
- Í töflunni hér til hliðar kemur fram hvernig fjárfesting ársins greinist samkvæmt skýringu 9b í ársreikningi 2015.

	Fjárfesting ársins	Fjárfestingaráætlun Með viðaukum	Upphafleg
<b>A hluti</b>			
<b>Fasteignir</b>			
Lundur .....	15.000	15.000	15.000
Grunnskólinn Hellu .....	24.353	21.750	15.000
Þykkvabæjarskóli.....	2.333	2.400	3.000
Íþróttahúsið Hellu .....	5.852	5.500	3.000
Íþróttahúsið Þykkvabæ.....	3.096	3.100	5.200
Sundlaugin Hellu .....	1.951	2.000	2.000
Leikskólinn Hellu .....	3.728	4.300	5.000
Leikskólinn Laugalandi.....	0	0	2.300
Laugalandsskóli.....	1.135	1.000	4.000
Sundlaugin Laugalandi.....	1.626	2.400	1.400
Tónlistarskóli Laufskálar 2.....	6.358	6.000	5.500
Eyjasandur 9.....	9.752	9.800	1.500
Fasteignir samtals	<u>75.184</u>	<u>73.250</u>	<u>62.900</u>
<b>Gatnakerfi og opin svæði</b>			
Gámavellir.....	6.793	4.800	1.000
Fjargirðingar.....	6.145	6.200	5.000
Ljósleiðari.....	16.227	18.000	
Gatnaframkvæmdir.....	16.915	15.400	23.000
Gatnagerðargjöld.....	0	( 1.250 )	( 23.000 )
Gatnagerð samtals	<u>46.080</u>	<u>43.150</u>	<u>6.000</u>
<b>Áhöld og tæki</b>			
Þjónustustöð búnaður.....	4.800	4.000	2.000
Áhöld og tæki samtals	<u>4.800</u>	<u>4.000</u>	<u>2.000</u>
A hluti	<u>126.064</u>	<u>120.400</u>	<u>70.900</u>
<b>B hluti</b>			
<b>Vatnsveita:</b>			
Dreifikerfi.....	25.388	20.000	20.000
Heimæðargjöld.....	( 4.034 )	0	0
Vatnsveita samtals	<u>21.354</u>	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
<b>Suðurlandsvegur 1-3 ehf.:</b>			
Suðurlandvegur 1-3.....	3.085	9.144	9.144
	<u>3.085</u>	<u>9.144</u>	<u>9.144</u>
B hluti	<u>24.439</u>	<u>29.144</u>	<u>29.144</u>
A og B hluti samtals	<u>150.504</u>	<u>149.544</u>	<u>100.044</u>

Nánari greiningu er að finna á bls. 5 í ársreikningi 2015, yfirliti um sjóðstreymi 2015 á bls. 8, auk skýringa nr. 4 til 8 í ársreikningi sem taka til einstakra liða í rekstrarreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

Rétt er einnig að benda á skýringu nr. 20 í ársreikningi þar sem birt er yfirlit um lykiltölur A hluta sem taka til rekstrar sl. fimm ára

#### 4.1.1 Rekstrarreikningur A og B hluta 2015

- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur A og B hluta 1.431,1 millj. kr. samanborið við 1.360,7 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur því 5,2%.
- Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 1.264,8 millj. kr. en voru 1.173,8 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 7,8 %.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur auk tekna af eignarhlutum A og B hluta árið 2015 námu 76,3 millj. kr. en á árinu 2014 námu fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur 79,0 millj. kr.

#### 4.1.2 Rekstrarreikningur A hluta 2015

- Rekstrartekjur A hluta námu 1.312,9 millj. kr. samanborið við 1.250,1 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur alls 5,0%.
- Rekstrargjöld A hluta námu alls 1.175,3 millj. kr. á árinu 2015 en námu 1.097,1 millj. kr. árið áður. Hækkun frá fyrra ári nemur 7,1 %.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A hluta námu 34,9 millj. kr. en fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 42,9 millj. kr. árið áður.

#### Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	1.431.066	1.360.746	5,2%
Rekstrargjöld .....	(1.264.835)	(1.173.794)	7,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(76.319)	(78.985)	
Hlutdeild minnihluta .....	10.537	1.116	
Rekstrarniðurstaða .....	<u>100.448</u>	<u>109.083</u>	

#### Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	1.312.898	1.250.072	5,0%
Rekstrargjöld .....	(1.175.340)	(1.097.134)	7,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(34.895)	(42.898)	
Rekstrarniðurstaða .....	<u>102.663</u>	<u>110.039</u>	

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 13 í ársreikningi sem taka til einstakra eignaliða í efnahagsreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

#### 4.2.1 Eignir A og B hluta

- Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 2.855,1 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 2.792,8 millj. kr. í árslok 2014. Breyting á milli ára er 2,2%
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu alls 2.415,0 millj. kr. hjá A og B hluta og 1.299,8 millj. kr. hjá A hluta.
- Áhættufjármunir og langtímakröfur námu 244,6 millj. kr.
- Óinnheimtar skatttekjur námu 73,5 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 61,2 millj. kr. árið áður og nemur hækkunin 19,9% á milli ára.
- Aðrar skammtímakröfur hjá A og B hluta námu 59,9 millj. kr. í árslok 2015, samanborið við 90,3 millj. kr. í árslok 2014.
- Handbært fé hjá A og B hluta námu 65,0 millj. kr. í árslok 2015, samanborið við 42,9 millj. kr. í árslok 2014. Megin hluti handbærs fjár í árslok er hjá Húsakynnum bs., eða um 36,6 millj. kr.

#### 4.2.2 Eignir A hluta

- Heildareignir A hluta námu 2.314,6 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 2.245,9 millj. kr. í árslok 2014. Breytingin á milli ára er 3,1%.
- Meðal skammtímakrafna á eigin fyrirtæki hjá A hluta (Aðalsjóði) er skammtímakrafa á Suðurlandsveg 1-3 ehf. að fjárhæð 57,9 millj. kr. og hefur hún lækkað um 3,7 millj. kr. á árinu.

#### Eignir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.414.988	2.350.578	2,7%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	244.590	247.850	( 1,3% )
Óinnheimtar skatttekjur .....	73.464	61.249	19,9%
Aðrar skammtímakröfur .....	57.057	90.262	( 36,8% )
Handbært fé .....	65.004	42.878	51,6%
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>2.855.102</b>	<b>2.792.818</b>	<b>2,2%</b>

#### Eignir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	1.299.757	1.216.922	6,8%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	751.384	755.569	( 0,6% )
Óinnheimtar skatttekjur .....	73.464	61.249	19,9%
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki ....	121.251	118.465	2,4%
Aðrar skammtímakröfur .....	54.544	88.033	( 38,0% )
Handbært fé .....	14.153	5.615	152,1%
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>2.314.553</b>	<b>2.245.853</b>	<b>3,1%</b>

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 14 til 16 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

#### 4.2.3 Skuldir og skuldbindingar A og B hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 1.684,4 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 1.736,6 millj. kr. í árslok 2014.
- Langtímaskuldir og skuldbindingar námu alls 1.392,6 millj. kr. hjá A og B hluta, en auk þess eru næsta árs afborganir langtímalána 135,6 millj. kr. Um er að ræða verðtryggð og óverðtryggð lán í íslenskum krónum og gengistryggð lán.
- Skammtímaskuldir námu 262,0 millj. kr. í árslok 2015 hjá A og B hluta samanborið við 259,0 millj. kr. árið áður og nemur hækkunin 1,1% milli ára.

#### 4.2.4 Eigið fé A og B hluta

- Eigið fé A og B hluta nam 1.034,5 millj. kr. í árslok 2015.
- Eiginfjárlutfall sveitarfélagsins er 40,8% í árslok 2015.

#### 4.2.5 Skuldir og skuldbindingar A hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 1.158,9 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 1.205,1 millj. kr. í árslok 2014.
- Langtímaskuldir og skuldbindingar námu alls 923,6 millj. kr., en auk þess er næsta árs afborgun langtímaskulda að fjárhæð 119,9 millj. kr. færð meðal skammtímaskulda.
- Aðrar skammtímaskuldir námu 236,3 millj. kr. í árslok 2015.
- Skuldahlutfall A hluta er 83,0% í árslok 2015, samanborið við 96,4% í árslok 2014.

#### 4.2.6 Eigið fé A hluta

- Eigið fé A hluta nam 1.156,7 millj. kr. í árslok 2015 og er eiginfjárlutfallið 49,9% í árslok 2015.

#### Eigið fé og skuldir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar .....	1.034.526	921.881	12,2%
Hlutdeild minnihluta í eigin fé .....	136.199	134.302	1,4%
Lífeyrisskuldbinding .....	29.789	26.702	11,6%
Langtímaskuldir .....	1.392.617	1.450.887	( 4,0%)
Skammtímaskuldir .....	261.972	259.046	1,1%
Eigið fé og skuldir samtals .....	<u>2.855.103</u>	<u>2.792.818</u>	2,2%

#### Eigið fé og skuldir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar .....	1.155.615	1.040.755	11,0%
Lífeyrisskuldbinding .....	29.789	26.702	11,6%
Langtímaskuldir .....	893.818	930.119	( 3,9%)
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	9.326	10.046	( 7,2%)
Skammtímaskuldir .....	226.005	238.231	( 5,1%)
Eigið fé og skuldir samtals .....	<u>2.314.553</u>	<u>2.245.853</u>	3,1%

Nánari greiningu er að finna á bls. 8 í ársreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, mála-flokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

#### 4.3.1 Sjóðstreymisyfirlit A og B hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti nam veltufé frá rekstri A og B hluta 170,8 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 199,2 millj. kr. á árinu 2014. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta 185,4 millj. kr. samanborið við handbært fé frá rekstri 217,3 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjárfestingahreyfingar hjá A og B hluta námu 86,7 millj. kr. Fjárfesting nam 150,5 millj. kr., sala rekstrarfjármuna nam 31,1, söluverð eignarhluta í félögum nam 26,5 millj. kr., breyting á eignarhlut nam 8,7 millj. kr. og afborgun verðbréfaeignar nam 2,4 millj. kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins fyrir A og B hluta eru samtals 76,4 millj. kr. Tekin ný lán að fjárhæð 50,0 millj. kr. og greitt af lánnum samtals að fjárhæð 126,4 millj. kr.
- Handbært fé hækkaði um 9,8 millj. kr. á árinu og nam það 52,7 millj. kr. í árslok 2015.

#### 4.3.2 Sjóðstreymisyfirlit A hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti nam veltufé frá rekstri A hluta 147,6 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 165,4 millj. kr. á árinu 2014. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A hluta 157,8 millj. kr. samanborið við 181,5 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjárfestingarhreyfingar A hluta nema 92,2 millj. kr., útborganir umfram innborganir.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins fyrir A hluta námu 57,1 millj. kr., útborganir umfram innborganir.
- Handbært fé hækkaði um 8,5 millj. kr.

#### Sjóðstreymisyfirlit A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri .....	170.821	199.184
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum .....	14.533	18.093
Handbært fé frá rekstri .....	185.354	217.277
Fjárfestingarhreyfingar .....	(86.746)	(135.350)
Fjármögnunarahreyfingar .....	(76.386)	(67.135)
Breyting á handbæru fé .....	22.221	14.792

#### Sjóðstreymisyfirlit A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri .....	147.584	165.406
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum .....	10.229	16.075
Handbært fé frá rekstri .....	157.813	181.481
Fjárfestingarhreyfingar .....	(92.207)	(130.642)
Fjármögnunarahreyfingar .....	(57.069)	(45.470)
Breyting á handbæru fé .....	8.537	5.369

Sveitarstjórnarlög  
nr. 138/2011

Lög um bókhald  
nr. 145/1994

Lög um ársreikninga  
nr. 3/2006

Reglugerð nr. 944/2000

#### 5.1.1 Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996, að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Markverðar breytingar frá eldri reglugerð eru tengdar útfærslu á gerð viðauka við fjárhagsáætlanir, gerð yfirlits um ábyrgðir og skuldbindingar utan samstæðu, breytingar á framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlana og endurskoðaðri framsetningu bókhaldslykla.
- Framsetning ársreiknings Rangárpings ytra hefur tekið breytingum í samræmi við ákvæði nýju reglugerðarinnar en þar má meðal annars nefna lítilsháttar breytingu á framsetningu rekstrarreiknings, breytt yfirlit um lykiltölur A hluta og A og B hluta fyrir síðustu fimm ár sbr. skýringu 20 í ársreikningi, og lítilsháttar tilfærslur rekstrarreininga milli málaflokka í Aðalsjóði sbr. skýringu 8 í ársreikningi. Heilbrigðiseftirlit flokkast nú undir málaflokkinn heilbrigðismál en var í fyrri reglugerð flokkað undir málaflokkinn hreinlætismál.
- Ársreikningur Rangárpings ytra fyrir árið 2015 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.
- Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 3 í ársreikningi.



### 5.2 Fastafjármunir

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 11 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

#### 5.2.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

- Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna fyrir A og B hluta nam 2.415,0 millj. kr. í árslok 2015 eða um 85,0% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Eins og fram kemur í skýringu 3j í ársreikningi 2015 er hluti varanlegra rekstrarfjármuna sveitarfélagsins ekki færður í efnahagsreikning en þar er helst um að ræða land og umferðarmannvirki. Þessar eignir voru gjaldfærðar fyrir ársbyrjun 2002, en frá þeim tíma gilda almennar reikningsskilaaðferðir hjá sveitarfélögunum.

#### 5.2.2 Eignarhlutir í félögum

- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema 238,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi 2015 en nam 239,7 millj. kr. í lok árs 2014.
- Á árinu var seldur eignarhlutur í Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar ehf. Söluverð nam 26,5 og tekjufærður söluhagnaður 16,8 millj. kr.

#### 5.2.3 Langtímakröfur

- Langtímakröfur nema 5,9 millj. kr. í árslok 2015, en námu 8,2 millj. kr. í lok árs 2014.

#### 5.2.4 Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

- Langtímakröfur á eigin fyrirtæki hjá A hluta námu 102,2 millj. kr.
- Nánar er fjallað um rekstur B hluta fyrirtækja í kafla 7.2

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringar nr. 13 í ársreikningi sem tekur til veltufjármuna í efnahagsreikningi

#### 5.3.1 Óinnheimtar skatttekjur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins 2015 námu 824,0 millj. kr. samanborið við 774,8 millj. kr. árið 2014. Það svarar til hækkunar sem nemur 6,4% á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur 73,5 millj. kr. í árslok 2015, en nam 61,2 millj. kr. árið áður.
- Óbein niðurfærsla vegna óinnheimtra eftirstöðva útsvars og fasteignagjalda nam 28,5 millj. kr. í árslok 2015. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.

#### 5.3.2 Aðrar skammtímakröfur

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 57,6 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 87,9 millj. kr. í árslok 2014.
- Óbein niðurfærsla annarra skammtímakrafna nam 9,9 millj. kr. í árslok 2014. Eins og fram kom hér að framan er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi.



Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 15 og 16 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

#### 5.4.1 Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 1.528,3 millj. kr. og skiptast í langtímaskuldir að fjárhæð 1.392,6 millj. kr., og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 135,6 millj. kr.
- Langtímalánin eru verðtryggð lán, óverðtryggð lán í íslenskum krónum og gengistryggð lán og eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Verðtryggðu lánin og nema 1.328,4 millj. kr., óverðtryggð 20,9 millj. kr. í árslok og gengistryggðu lánin nema 43,3 millj. kr.

#### 5.4.2 Aðrar skammtímaskuldir

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 125,5 millj. kr. í árslok 2015 og eru þær að mestu í A hluta, eða 105,3 millj. kr.

#### 5.4.3 Skuldbindingar

- Sveitarfélagið hefur ekki gert leigusamninga sem falla undir ákvæði álits Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga sem gerir ráð fyrir færslu tiltekinna samninga í efnahagsreikningi sveitarfélaga.
- Lífeyrisskuldbinding nemur 29,8 millj. kr. í árslok. Gert er ráð fyrir að greiða þurfi 0,8 millj. kr. á árinu 2016, sem er fært meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

#### 5.4.4 Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit


- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.

### 6.1 Heildareignir

Heildareignir A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi 2.314,5 millj. kr. í árslok 2015, en A og B hluta 2.855,1 millj. kr. Heildareignir sveitarfélagsins hafa hækkað á árinu 2015 um 62,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildareignir í þúsundum króna fyrir A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum, en árin 2016 til 2019 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

#### Heildareignir í þús. kr.




### 6.2 Eiginfjárlutfall

Eigið fé A hluta samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2015 nemur 1.158,3 millj. kr. eða 49,9 % af heildareignum og eigið fé A og B hluta nemur 1.170,7 millj. kr., eða 41,0% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé A hluta hækkar á árinu um 114,9 millj. kr. og eigið fé A og B hluta hækkar um 114,5 millj. kr. sbr. skýringu 14 í ársreikningi 2015.

Eftirfarandi línurit sýnir eiginfjárlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2016 til 2019 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárlutfalli í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

**Eiginfjárlutfall**




## 6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun

### 6.3 Skuldir og skuldbindingar

Skuldir og skuldbindingar A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2015 samtals 1.159,9 millj. kr., en A og B hluta 1.684,4 millj. kr. Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins hafa á árinu 2014 lækkað um 52,3 millj. kr.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í þúsundum króna fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

#### Skuldir og skuldbindingar í þús. kr.



## 6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun

### 6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið


Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldahlutfall A og B hluta Rangárþings ytra samkvæmt ársreikningi er 117,7% í árslok 2015.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

#### Skuldahlutfall



## 6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun


### 6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið, frh.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Skuldaviðmið A og B hluta Rangárþings ytra samkvæmt ársreikningi er 116,6% í árslok 2015.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga hreint veltufé frá heildarskuldum, sé hreint veltufé jákvætt. Hreint veltufé Rangárþings ytra er neikvætt í árslok 2014 um 78,8 millj. kr., en heildarskuldir A og B hluta nema 1.684,4 millj. kr. Jafnfram skal draga frá skuldunum þann hluta lífeyrisskuldbindinga sem koma til greiðslu eftir 15 ár.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga Rangárþings ytra fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á viðmiðinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

#### Skuldaviðmið




### 6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Gildir ákvæðið frá og með reikningsárinu 2011 og teljast því eldri reikningsár ekki með við afmörkun á þriggja ára tímabilinu.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2013, 2014 og 2015 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikninga viðkomandi ára, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Eins og sjá má í stöplaritinu er gert ráð fyrir að rekstrarjöfnuður Rangárbings ytra verði jákvæður á komandi árum.

#### Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í þús. kr.




### 6.6 Framlegðarhlutfall

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2016 til 2019 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

#### Framlegðarhlutfall





Til A hluta sveitarfélagsins teljast Aðalsjóður og Eignasjóður

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sundurliðunum ársreiknings sem fylgir með ársreikningi í sérstöku hefti

#### 7.1.1 Aðalsjóður

- Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 41,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Aðalsjóðs í árlök 2015 nam 1.024,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri nam á árinu 21,4 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.
- Nánar tilgreint var rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 4,4 millj. kr. og fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 37,1 millj. kr. eða samtals 41,5 millj. kr. eins og að framan greinir.
- Fjármunatekjur Aðalsjóðs eru vextir frá eigin fyrirtækjum auk annarra vaxtatekna og tekna af eignarhlutum samtals 102,5 millj. kr. Færðar eru til tekna meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda 3,1 millj. kr. vegna gengishagnaðar.
- Fjármagnsgjöld Aðalsjóðs nema 68,4 millj. kr.

#### 7.1.2 Eignasjóður

- Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað, þar sem rekstrarkostnaði og stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra.
- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 61,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Eignasjóðs í árlök 2015 nam 181,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé fé frá rekstri nam 126,8 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.

#### 7.1.3 Þjónustustöð

- Meginhlutverk Þjónustustöðvar er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn gjaldi sem endurspeglar raunkostnað stöðvarinnar.
- Rekstrarniðurstaða Þjónustustöðvar var neikvæð um 0,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Þjónustustöðvar í árslok 2015 var neikvætt um 50,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri nam 0,6 millj. kr. á árinu.



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Húsakynni bs., Suðurlandsvegur 1-3 ehf. og Fráveita

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sundurliðunum ársreiknings sem fylgir með ársreikningi í sérstöku hefti

#### 7.2.1 Vatnsveita

- Rekstrarniðurstaða Vatnsveitu var jákvæð um 10,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 3,9 millj. kr.
- Eigið fé Vatnsveitu í árslok nam um 139,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.
- Veltufé frá rekstri Vatnsveitu nam 20,0 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi.

#### 7.2.2 Leiguíbúðir

- Rekstrarniðurstaða Leiguíbúða var neikvæð um 2,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en fjármagnsgjöld námu 1,8 millj. kr.
- Eigið fé í árslok 2015 var neikvætt um 18,9 millj. kr. hjá Leiguíbúðum.
- Veltufé til rekstrar Leiguíbúða samkvæmt sjóðstreymisfirliti nam alls 1,9 millj. kr. Það gefur til kynna að tekjur Leiguíbúða nægja ekki til beinna rekstrargjalda og ekkert til til niðurgreiðslu skulda. Fjárförfinni er mætt með skammtímaláni frá Aðalsjóði.

#### 7.2.3 Félagslegar íbúðir

- Rekstrarniðurstaða Félagslegra íbúða var neikvæð um 1,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en fjármagnsgjöld námu 3,0 millj. kr.
- Eigið fé í árslok 2015 var neikvætt um 38,6 millj. kr. hjá Félagslegum íbúðum.
- Veltufé frá rekstri Félagslegra íbúða samkvæmt sjóðstreymisfirliti nam alls 1,8 millj. kr. Afborganir langtímalána nema 2,1 millj. kr. Því vantar um 0,3 millj. kr. svo tekjur ársins standi undir rekstri og afborgunum lána. Fjárförfinni er mætt með lækkan á kröfu á Aðalsjóði.

#### Vatnsveita

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	48.258	46.128	4,6%
Rekstrargjöld .....	(34.206)	(28.885)	18,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(3.929)	(3.775)	4,1%
Rekstrarniðurstaða .....	<u>10.123</u>	<u>13.468</u>	

#### Leiguíbúðir

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	7.668	7.504	2,2%
Rekstrargjöld .....	(8.487)	(9.359)	( 9,3%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(1.750)	(1.543)	13,5%
Rekstrarniðurstaða .....	<u>(2.570)</u>	<u>(3.397)</u>	

#### Félagslegar íbúðir

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	8.705	8.647	0,7%
Rekstrargjöld .....	(7.574)	(8.704)	( 13,0%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(3.031)	(2.154)	40,7%
Rekstrarniðurstaða .....	<u>(1.899)</u>	<u>(2.210)</u>	

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Húsakynni bs., Suðurlandsvegur 1-3 ehf. og Fráveita

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sundurliðunum ársreiknings sem fylgir með ársreikningi í sérstöku hefti

#### 7.2.4 Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

- Rekstrarniðurstaða Suðurlandsvegar 1-3 ehf. var neikvæð um 22,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en þar af námu fjármagnsgjöld 20,0 millj. kr.
- Eigið fé Suðurlandsvegar 1-3 ehf. í árslok var jákvætt um 374,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.
- Veltufé til rekstrar Suðurlandsvegar 1-3 ehf. nam 1,3 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Á árinu 2014 var samið við viðskiptabanka félagsins um að fresta frekari afborgunum langtímalán til ársins 2016.
- Í ársbyrjun sameinaðist félagið Verkalýðshúsið ehf. inn í Suðurlandsveg 1-3 ehf. Eignir Verkalýðshúsið ehf. að fjárhæð 12,4 millj. færðust þá inn í efnahag Suðurlandsvegar 1-3 ehf.

#### 7.2.5 Húsakynni bs.

- Rekstrarniðurstaða Húsakynna var jákvæð um 2,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en fjármagnsgjöld námu 7,8 millj. kr.
- Eigið fé í árslok 2015 var neikvætt um 56,9 millj. kr. hjá Húsakynnum bs.
- Veltufé til rekstrar Húsakynna bs. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam alls 3,0 millj. kr.
- Söluverð fasteigna nam 20 millj kr. árinu og söluhagnaður 10,9 millj. kr.

#### 7.2.6 Fráveita

- Rekstrarniðurstaða Fráveitu var jákvæð um 1,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015, en fjármagnsgjöld námu 4,9 millj. kr.
- Eigið fé Fráveitu í árslok var jákvætt um 20,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.
- Veltufé frá rekstri Fráveitu nam 7,7 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi

#### Suðurlandsvegur 1-3 ehf.

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	37.337	41.752	( 10,6% )
Rekstrargjöld .....	(39.622)	(35.088)	12,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(20.000)	(17.963)	11,3%
Rekstrarniðurstaða .....	<u>(22.284)</u>	<u>(11.299)</u>	

#### Húsakynni

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	20.013	15.431	29,7%
Rekstrargjöld .....	(9.837)	(8.591)	14,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(7.802)	(7.585)	2,9%
Rekstrarniðurstaða .....	<u>2.375</u>	<u>(745)</u>	

#### Fráveita

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur .....	19.035	16.579	14,8%
Rekstrargjöld .....	(12.618)	(11.401)	10,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(4.913)	(3.067)	
Rekstrarniðurstaða .....	<u>1.504</u>	<u>2.110</u>	

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlunum sem og nánar útfærð áætlun fyrir næsta ár. Í kafla 3 hér að framan er litið til samanburðar rauntalna 2015 og áætlana fyrir árið 2015.
- Sveitarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2019 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir lakari rekstrarniðurstöðu en er samkvæmt ársreikningi 2015 en svipuðu veltufé frá rekstri en samkvæmt ársreikningi 2015.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir fjárfestingu að fjárhæð 158,0 millj. kr. á árinu 2016, 107,1 millj. kr. á árinu 2017, 126,1 millj. kr. á árinu 2018 og 121,1 millj. kr. á árinu 2019.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir árlegri lántöku að fjárhæð 50,0 millj. kr. árin 2016 - 2019.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að skuldir sveitarfélagsins lækki um 117,8 milljónir frá árslokum 2015 til ársloka 2019.

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2019 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestingar A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús.kr.

	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Rekstrartekjur .....	1.360.746	1.431.066	1.486.784	1.490.784	1.486.884	1.486.884
Rekstrargjöld án afskrifta .....	( 1.096.246 )	( 1.182.959 )	( 1.212.519 )	( 1.216.154 )	( 1.206.154 )	( 1.206.413 )
Afkoma fyrir afskriftir .....	264.500	248.107	274.265	274.630	280.730	280.471
Afskriftir .....	( 77.548 )	( 81.876 )	( 83.177 )	( 87.374 )	( 91.410 )	( 95.614 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 78.985 )	( 76.319 )	( 109.743 )	( 117.159 )	( 105.777 )	( 98.790 )
Hlutdeild minnihluta .....	1.116	10.537	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða .....	109.083	100.448	81.345	70.097	83.543	86.067
<b>Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili .....</b>	<b>273.574</b>	<b>324.572</b>	<b>290.876</b>	<b>251.890</b>	<b>234.984</b>	<b>239.707</b>
Veltufé frá rekstri, skv. sjóðstreymi .....	199.184	170.821	212.983	214.136	221.633	222.476
Afborganir langtímalána .....	( 109.762 )	( 126.275 )	( 135.644 )	( 142.984 )	( 122.362 )	( 105.886 )
Greiðsluafgangur (fjárþörf) .....	89.422	44.546	77.339	71.152	99.271	116.590
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur 2016-2019, eftir afborganir lána .....</b>	<b>77.339</b>	<b>148.491</b>	<b>148.491</b>	<b>148.491</b>	<b>148.491</b>	<b>148.491</b>
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2016-2019 .....			( 162.234 )	( 104.696 )	( 123.614 )	( 118.543 )
<b>Uppsöfnuð fjárþörf 2016-2019, vegna fjárfestingar .....</b>	<b>( 162.234 )</b>	<b>( 266.930 )</b>	<b>( 162.234 )</b>	<b>( 266.930 )</b>	<b>( 390.544 )</b>	<b>( 509.087 )</b>
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur (fjárþörf) 2016-2019 .....</b>	<b>( 84.895 )</b>	<b>( 118.439 )</b>	<b>( 84.895 )</b>	<b>( 118.439 )</b>	<b>( 142.782 )</b>	<b>( 144.735 )</b>
Heildarskuldir .....	1.736.636	1.684.378	1.668.032	1.612.971	1.587.629	1.566.624
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	128%	118%	112%	108%	107%	105%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	126%	117%	111%	107%	106%	103%



*cutting through complexity™*

© 2016 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).